

### **Nokkur orð um borholur nærri strönd milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.**


Taflan hérna hinu megin á blaðinu er sett saman að ósk Ingibjargar E. Björnsdóttur á Línuhönnun vegna vinnu við umhverfismat á vegstæði milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Í töflunni eru raktar allar þær holur, sem ég tel að séu í einhverju nágrenni við yfirvofandi vegstæði. Eins og fram kemur í töflunni eru holurnar flestar grunnar. Tilgangurinn með borum þeirra var oftast nær að afla neysluvatns, en einnig er að finna sjótökuholur og holur boraðar beinlínis í rannsóknarskyni.

Það er upp og ofan hversu nákvæmlega er hægt að setja holurnar út á kort. Hér með er það gert á samanklipp af íslensk-amerísku DMA- kortunum í mælikvarðanum 1:50000. Í sumum tilvikum eru til einhver hnit á holutoppunum í gagnagrunni Orkustofnunar, en við fyrstu sýn virðast þau í fæstum tilvikum vera nákvæm hvað varðar þær holur, sem hér eru til umræðu. Segja má að á meðfylgjandi korti hafi þær verið settar sem næst á réttan hektara.

Vegalengdin milli Grindavíkur og Þorlákshafnar er um 50 km og liggur leiðin víða un hraun, sem ná út að sjó. Víða er töluvert grunnvatnsstreymi um þessi hraun og má segja að þess minni hættu sé að grunnvatnsmengun sem vegur er lagður nær ströndinni. Veglín-an er sýnd ofanvert við vatnsból húsanna í Selvogi, en þar er hverfandi hættu á að tjón geti hlotist af. Hins vegar er vakin athygli á að veglínan liggur nánast beint yfir aðalvatnsbólin í Þorkákshöfn og það náttúrulega gengur ekki. Annað hvort verður undan að láta, vegurinn eða vatnsbólið. Þarna er mjög eindreginn grunnvatnsstraumur úr norð-vestri. Vel fer á að vegur liggji milli vatnsbólsins og byggðarinnar en þó ekki of nærri sjó til þess að spilla ekki möguleikum á jarðsjávarvinnslu.

Reykjavík 23. ágúst 2000


Þórólfur H. Hafstað



## Yfirlit um borholur nærri áformaðri veglínu milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.

Fast númer	Heiti holu	Staðarnafn	Nánari lýsing Dýpi,	Athugasemd m	
16654	KH-03*	Járngerðarstaðir	Klifhólakraun	22.0	Aflagðar vatnsholur
16653	KH-04*	Járngerðarstaðir	Klifhólakraun	33.0	
16551	HH-02	Hóp Grindavík	Hópsheiði	26.5	Aflagðar vatnsveituholur
16552	HH-03	Hóp Grindavík	Hópsheiði	27.5	
16553	HH-01	Hóp Grindavík	Hópsheiði	20.7	
17041	ÞS-01	Þorkötlustaðir		15.5	Aflögð
17051	ÍS-01	Ísólfskáli	Höfðakraun	27.0	Ranns.hola
16541	SL-01	Krísuvík	Selatangar	70.-	Ranns.hola
96781	HE-00	Herdísarvík í Selvogi	Herdísarvíkurhr.	19.0	Skolvatn
96782	HE-01*	Herdísarvík í Selvogi	Herdísarvíkurhr.	73.0	Ranns.hola
96783	HE-02*	Herdísarvík í Selvogi	Herdísarvíkurhr.	60.0	Ranns.hola
96784	HE-03	Herdísarvík í Selvogi	Gamall brunnur	?	Neysluv.?
97271	ST-01	Strönd í Selvogi	V Strandarkirkju	12.0	Vegna vatns
97301	VO-01	Vogsósar II		13.0	Vegna vatns
97401	ÞG-01	Þorkelsgerði		9.0	Vegna vatns
97402	ÞG-02	Þorkelsgerði		9.0	Vegna vatns
97421	SV-01	Stakkavík	Við Hlíðarvatn	16.0	Vegna vatns
97451	NE-01	Nes í Selvogi		100.0	Ranns.hola
97461	ÞK-01	Þórðarkot í Selvogi		20.0	Vegna vatns
97462	ÞK-02	Þórðarkot í Selvogi	Óljóasar uppl.	?	
97471	GA-01	Gata í Selvogi		15.0	Vegna vatns
97441	SS-01	Hlíð í Selvogi	Við Hlíðarvatn	9.0	Vegna vatns
97481	TK-01	Torfabær í Selvogi		14.5	Vegna vatns
96809	FR-01*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	54.0	Ranns.hola
96801	FF-02*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	20.0	Fiskeldi
96803	FS-02*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	71.0	Fiskeldi
96804	FF-03*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	24.0	Fiskeldi
96805	FF-04*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	22.0	Fiskeldi
96800	FF-01*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	26.0	Fiskeldi
96806	FS-03*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	77.0	Fiskeldi
96802	FS-01*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	68.0	Fiskeldi
96807	FS-04*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	79.0	Fiskeldi
96808	FS-05*	Þorlákshöfn	Í Keflavík	79.0	Fiskeldi
97021	VA-01*	Þorlákshöfn	V gamla vegar	30.5	Ranns.hola
97022	VA-02*	Þorlákshöfn	Golfvöllur	12.0	Ranns.hola
97023	VA-03*	Þorlákshöfn	N af Keflavík	48.0	Ranns.hola
97411	ÞHN-01	Þorlákshöfn		28.9	Vatnsból
97412	ÞHN-02	Þorlákshöfn		28.5	Vatnsból
97511	ÞH-09	Þorlákshöfn	V. Hafnarskeið	12.5	Vatnsból

\* merkir að landmæling sé til, en í þessum tilvikum eru þær ekki áreiðanlegar.



ÁSKEDAR 1:4.8 km

50'



